



Reykjavíkurborg

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 12. apríl 2021
R21040073

Borgarráð

Seljavegur 9, sala á íbúð 201

Óskað er eftir heimild borgarráðs til að ganga frá sölu á íbúð merkt 01-0201 á Seljavegi 9 til Félagsbústaða hf. kt. 510497-2799 fyrir krónur 37.800.000.

Greinargerð:

Borgarráð fól eignasjóði árið 2017 að kaupa íbúðir sem lið í því að leita tímabundinna lausna til aukningar á félagslegu húsnæði í Reykjavík. Um var að ræða tímabundna ráðstöfun. Íbúðir voru síðan framleigðar til velferðarsviðs en hafa verið í rekstri Félagsbústaða. Félagsbústaðir hafa óskað eftir að eignast nokkrar af þessum íbúðum og er þetta liður í því. Fengið var verðmat tveggja óháðra löggiltra fasteignasala sem var annars vegar krónur 39.000.000 og hins vegar krónur 37.400.000. Vegna ástands eignarinnar er kaupverðið krónur 37.800.000 en eignin þarfnast verulegra endurbóta, bæði séreign og sameign.

Íbúðin er á 2. hæð, 83,9 fermetrar að stærð og fasteignamat er krónur 42.800.000.

Óli Jón Hertervig
skrifstofustjóri eignaskrifstofu

Hjálagt:

Verðmat Remax fasteignasölu, dags. 24. mars 2021.

Verðmat Höfða fasteignasölu, dags. 22. mars 2021.